

Fimmtudaginn 9. maí 1996.

Nr. 41/1995.

**Ellert Kristinn Alexandersson og
Vátryggingafélag Íslands hf.**

(Hákon Árnason hrl.)

(Helgi Birgisson hdl.)

gegn

Guðmundi Karli Þorleifssyni

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.) og

Guðmundur Karl Þorleifsson

gegn

Ellert Kristni Alexanderssyni og

Vátryggingafélagi Íslands hf.

og til vara

Þrotabúi Vatnsskarðs hf. og

Alexander Ólafssyni

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Bifreiðir. Vinnuvél. Vátrygging. Skaðabætur. Örorka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1995. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum gagn-áfrýjanda, en til vara þess, að kröfur hans verði lækkaðar. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 3. mars 1995. Hann krefst þess aðallega, að gagnstefndu verði dæmdir til að greiða sér 2.584.476 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. apríl 1989 til 13. maí 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann staðfestingar á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um efni málsins. Jafnframt krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Kröfur þessar gerir hann in solidum, aðallega á hendur Ellert Kristni Alexanderssyni og Vátryggingafélagi Íslands hf., en til vara á hendur Þrotabúi Vatnsskarðs hf. og Alexander Ólafssyni.

Gagnstefndu þrotabú Vatnsskarðs hf. og Alexander Ólafsson krefjast sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 1. febrúar 1996 var bú Vatnsskarðs hf., annars varastefndu í héraði, tekið til gjaldþrotaskipta, og hefur þrotabú félagsins tekið við aðild að málinu hér fyrir dómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Þar á meðal er nýr líkindareikningur Guðjóns Hansen tryggingafræðings 13. maí 1995 um örorkutjón gagnáfrýjanda, en Guðjón gerði einnig þann útreikning, sem hafður var til hliðsjónar í héraðsdómi. Einnig er lagður fram verksamningur 25. nóvember 1988 milli Hitaveitu Suðurnesja og HL-Spennu, einkafyrirtækis gagnáfrýjanda, þar sem fyrirtækinu var falið að reisa möstur og strengja leiðara í 132 kv. háspennulínu frá Svartsengi að Fitjum.

I.

Gagnáfrýjandi varð fyrir slysi 6. apríl 1989, þegar hann stökk til jarðar úr körfu á krana bifreiðarinnar R-12458, sem var skráð eign aðaláfrýjandans Ellerts Kristins Alexanderssonar og tryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá aðaláfrýjandanum Vátryggingafélagi Íslands hf. Bifreið þessi var skrásett sem vörubifreið til almennrar notkunar og með sérbúnaði, sem var umræddur krani. Var hann sérstaklega útbúinn til notkunar sem lyftitæki fyrir körfu, sem fest var á enda kranabómunnar og ætluð fyrir menn til vinnu í mikilli hæð. Bifreiðinni fylgdu stoðfætur, sem settir voru upp út frá hliðum hennar til að skorða hana í kyrrstöðu við þessa notkun. Af skráningargögnum verður ráðið, að bifreiðin hafi verið talin fjölnota ökutæki, en óumdeilt er, að í reynd hafi hún einkum verið notuð sem vinnuvél til verka eins og þess, sem hér var um að ræða. Féll sú notkun að sínu leyti undir ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. einkum VII. kafla þeirra. Samkvæmt þeim lögum bar við það að miða, að hafa þyrfti sérstök réttindi til að stjórna körfukrananum umfram venjuleg ökuréttindi, sbr. reglur nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum.

Atvikum að slysinu er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þegar það

gerðist, höfðu strengir verið dregnir í möstur háspennulínunnar, og var áfrýjandi að ganga frá festingum þeirra í hornmastri við annan enda línunnar. Voru festingarnar í rúmlega 12 metra hæð, en bil frá miðstreng að ytri strengjum var 6,3 metrar til hvorrar handar. Ekki er fullljóst, hvernig bifreiðin var staðsett, en við það verður að miða samkvæmt gögnum málsins, að hún hafi verið fest í kyrrstöðu undir línunni með vinstri hlið að mastrinu, þannig, að unnt væri að færa kranakörfuna milli festinganna þriggja án þess að flytja bifreiðina úr stað. Ökumaður hennar stóð utan við hana vinstra megin og stýrði þaðan færslu kranabómunnar, sem knúin var af aflvél bifreiðarinnar. Var hann að flytja gagnáfrýjanda í körfunni að öðrum ytri strengjanna, þegar jarðvegur brast eða seig undan stoðfæti bifreiðarinnar vinstra megin með þeim afleiðingum, sem í dóminum greinir.

Ágreiningslaust er í málinu, að váttryggingarsamningur milli aðaláfrýjenda vegna bifreiðarinnar hafi ekki tekið til annars tjóns en þess, er falla kynni undir ábyrgðartryggingu hennar sem skráningar-skylds vélknúins ökutækis samkvæmt 91. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Veltur greiðsluskylda beggja aðaláfrýjenda gagnvart gagnáfrýjanda á því, hvort tjón hans hafi orðið með þeim atvikum, að aðaláfrýjandinn Ellert Kristinn hafi borið á því skaðabótaábyrgð sem skráður eigandi tækisins samkvæmt 1. mgr. 88. gr. og 90. gr. laganna.

Þegar slysið varð, var bifreiðin í notkun sem undirstaða kranans, er hélt gagnáfrýjanda uppi við vinnu hans, og þá sem fastskorðuð vinnuvél, er ekki yrði hreyfð úr þeim stað, sem henni var valinn vegna verksins. Stóð slysið þannig í engu sambandi við notkun bifreiðarinnar sem ökutækis, og átti það eins við, þótt þungi hennar væri meðal orsaka þess. Af því leiðir, að skaðabótaábyrgð á hendur eiganda bifreiðarinnar verður ekki reist á 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga. Atferli af hálfu stjórnanda bifreiðarinnar, er leitt gæti til ábyrgðar, varð ekki tengt annarri notkun en þeirri, sem á reyndi, og ekki er í ljós leitt, að slysið verði rakið til vanbúnaðar tækisins. Verður skaðabótaábyrgð á hendur eigandanum ekki heldur reist á 3. mgr., sbr. 1. mgr. 90. gr. laganna.

Samkvæmt þessu verða aðaláfrýjendur báðir sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda.

II.

Telja verður nægilega fram komið, að Alexander Ólafsson hafi útvegað kranabifreiðina til þeirra nota, sem af henni voru höfð við lagningu háspennulínunnar, og verið aðili að rekstri hennar í þágu verksins að því leyti, er máli skipti. Hafi gagnáfrýjandi mátt líta á hann sem undirverktaka sinn eða leigusala að tækinu og jafnframt sem vinnuveitanda ökumanns og stjórnanda tækisins. Hins vegar er ósannað, að Vatnsskarð hf. hafi átt hlut að máli með honum, og verður þrotabú félagsins sýknað af kröfum gagnáfrýjanda þegar af þeirri ástæðu.

Með fyrrgreindum verksamningi hafði gagnáfrýjandi tekið að sér sem verktaki að reisa 43 möstur háspennulínunnar og strengja leiðara milli þeirra ásamt því að ganga frá festingum og tengibúnaði í möstrunum. Hafði hann sjálfur með höndum alla yfirstjórn þessa verkefnis að meðtöldu því, er varðaði notkun kranabifreiðarinnar. Var verkinu að mestu lokið, þegar slysið varð. Áður en það hófst, hafði Hitaveita Suðurnesja komið fyrir undirstöðum og stagfestum við möstrin og látið gera slóða til umferðar um línustæðið, sem gagnáfrýjandi nýtti við verk sitt.

Upplýsingar um tildrög slyssins og aðstæður á vettvangi eru mjög ófullkomnar, enda sætti það ekki rannsókn fyrr en löngu síðar. Sú rannsókn var og einskorðuð við yfirheyrslur aðila og vitna og tók ekki til skoðunar eða mats á aðstæðum eða búnaði tækisins. Slysið varð ekki metið sem umferðarslys, er tilkynna bæri lögreglu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. umferðarlaga, heldur var rétt eftir atvikum að tilkynna það Vinnueftirliti ríkisins á grundvelli laga nr. 46/1980. Voru gagnáfrýjandi og menn hans ábyrgir um, hvort svo yrði gert, og verður gagnstefndi ekki látinn bera halla af því, að þessu var ekki sinnt.

Ekki er fram komið, að gagnstefndi Alexander hafi haft nein afskipti af framkvæmd verksins. Verður við það að miða, að samskipti um notkun kranabifreiðarinnar hafi farið fram milli gagnáfrýjanda og stjórnanda hennar, sem var þrautreyndur í starfi sínu. Leggja verður til grundvallar, að ábyrgð á fullnægjandi staðsetningu og skorðun bifreiðarinnar hafi átt að hvíla á honum að mestu leyti, enda var stöðugleiki tækisins við fyrirhugaða notkun meðal mikilvægustu öryggisþátta, sem stjórnandi þess þurfti að gæta. Gagn-

áfrýjandi hefur þó ekki sýnt fram á, hvaða sjálfstæðis stjórnandinn hafi notið um ákvörðun í þessu efni. Fyrir liggur, að notkun tækisins gekk áfallalaust, þar til slysið bar að höndum. Óumdeilt er, að brestur eða sig í jarðvegi undan stoðfæti tækisins hafi verið meginorsök þess. Eigi að síður hefur ekki verið leitt í ljós sem skyldi, hvernig jarðvegi á staðnum var háttað. Verður ekki á því byggt eftir gögnum málsins, að hann hafi mátt virðast varasamur, svo að stjórnanda tækisins hafi borið að færa það eða treysta stöðugleika þess framar en gert var. Ekkert bendir til þess, að viðbrögð hans við atburðinum hafi verið röng. Að öllu þessu virtu verður að hafna því, að gagnstefndi Alexander eigi að bera skaðabótaábyrgð á slysinu vegna gáleysis af hálfu stjórnandans eða annarra atvika. Verður hann því einnig sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að hver aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Ellert Kristinn Alexandersson og Vátryggingafélag Íslands hf., og gagnstefndu, þrotabú Vatnsskarðs hf. og Alexander Ólafsson, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Guðmundar Karls Þorleifssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember sl., var höfðað með stefnu, birtri 5. og 23. apríl 1994.

Stefnandi er Guðmundur Karl Þorleifsson, kt. 031052-2389, Smáratúni 38, Keflavík.

Stefndu eru aðallega Ellert Kristinn Alexandersson, kt. 300609-4769, Neðstabergi 4, Reykjavík, og Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690589-2009, Ármúla 3, Reykjavík, og til vara Vatnsskarð hf., kt. 610486-1509, Flatahrauni 28, Hafnarfirði, og Alexander Ólafsson, kt. 310743-2679, Neðstabergi 4, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu í báðum tilvikum verði dæmdir til að greiða sér in solidum 2.584.476 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu, þ. m. t. virðisaukaskattur af málflutningsþóknun.

Af hálfu aðalstefndu er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar. Jafnframt krefjast aðalstefndu í báðum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Af hálfu varastefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá er þess krafist, að stefnandi greiði varastefndu málskostnað.

II.

Stefnandi krefur stefndu um skaðabætur vegna slyss, er hann varð fyrir 6. apríl 1989 við lagningu háspennulínu á möstrum milli Svartsengis og Fitja í Njarðvík. Stefnandi er rafmagnsiðnfræðingur og hafði tekið að sér línu-lögnina sem verktaki. Við verkið þurfti krana með körfu. Samdi stefnandi við varastefndu Alexander og/eða Vatnsskarð hf. um að láta í té bifreiðina R-12458, sem var með slíkum búnaði.

Við verkið var bifreiðin höfð kyrrstæð og fastskorðuð með þar til gerðum stoðfótum, einum hvorum megin. Aðdragandi slyssins er ágreiningslaus, en hann varð með þeim hætti, að Úlfar Önundarson bifreiðarstjóri, sem einnig stjórnaði krananum, hafði hífst stefnanda í körfu kranans upp í 12 metra hæð, þar sem stefnandi vann við tengingu í einu mastranna. Þegar verið var að færa bómuna milli leiðara, sem eru um 6,3 m, gaf jarðvegur sig undan öðrum stoðfætinum. Bifreiðarstjórinn slakaði þegar körfunni niður, en bifreiðin með krananum hélt áfram að síga og lagðist nánast á hliðina. Skömmu áður en karfan lenti á jörðinni, stökk stefnandi úr henni. Kom hann niður á tiltölulega góðum og mjúkum stað, en kastaðist til og lenti með höfuðið á grjóti. Hlaut hann skurðsár vinstra megin á enni og mun hafa rotast sem snöggvast. Slysið var ekki tilkynnt lögreglu eða vinnueftirliti. Stefnandi gaf skýrslu um atvikið hjá lögreglu átta mánuðum síðar, og voru þá jafnframt teknar vitnaskýrslur af sjónarvottum.

Bifreiðin R 12458 var í eigu aðalstefnda Ellerts K. Alexanderssonar, og var hún skylduvátryggð hjá aðalstefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf. Ekki hafði verið tekin sérstök ábyrgðartrygging vegna notkunar kranans.

Stefnandi leitaði sama dag og hann varð fyrir slysinu til læknis á sjúkrahúsinu í Keflavík, þar sem gert var að sárum hans. Eftir slysið var stefnandi með stöðugan höfuðverk, en auk þess skerta einbeitingu og leitaði oft læknis vegna þess. Hinn 19. apríl 1991 mat Júlíus Valsson læknir örorku stefnanda. Í niðurlagi örorkumatsins segir svo:

„— — —

Pykir nú tímabundin og varanleg örorka slasaða vegna vinnuslyssins 6. 4. 1989 hæfilega metin sem hér segir:

Í þrjár vikur	100%
Í eina viku	50%
Varanleg	10%“

Stefnandi reisir bótaábyrgð á hendur aðalstefndu á 1. ml. 1. mgr. 88. gr. og 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um hlutlæga bótaábyrgð. Er því haldið fram, að slysið verði beinlínis rakið til notkunar vélknúins ökutækis í skilningi 88. gr. umferðarlaga, enda sé kraninn fasttengdur bifreiðinni og knúinn af aðalvél hennar. Stór hluti vörubifreiða í landinu sé nú búinn krönum sem þessum, en það hafi ekki þekkt fyrir nokkrum tugum ára. Í þessu tilviki sé því um að ræða eðlilega og venjulega notkun vörubifreiðar og einkennandi fyrir hana nú á dögum. Megi almennt treysta því, að ábyrgðartrygging bifreiða taki til þeirra tækja, sem við þær séu fasttengd eins og kraninn í umræddu tilviki. Þá samrýmist það góðum viðskiptaháttum í vátryggingum, að vátryggingafélagi beri beinlínis að benda vátryggingartökum á aukna vátryggingarpörf í tilviki sem þessu. Ekki sé upplýst, að svo hafi verið gert, og beri aðalstefndi, Vátryggingafélag Íslands, hallann af því.

Bótaábyrgð varastefndu sé byggð á húsbóndapætti sakarreglunnar, þ. e., að starfsmaður varastefndu, bifreiðarstjórinn Úlfar Önundarson, hafi með gáleysi orðið valdur að slysinu, en honum hafi borið að sjá um, að undirstöður kranans væru tryggar og gæfu sig ekki. Það hafi ótvírætt verið í hans verkahring. Mistök ökumanns hafi m. a. falist í því, að honum hafi borið að færa bifreiðina nær mastrinu í stað þess að teygja kranann of langt í næsta leiðara. Vegna þessa hafi kraninn farið úr jafnvægi.

Stefnanda verði ekki lagt það til lasts að hafa kastað sér út úr körfunni, svo sem hann gerði, og sé mótmælt fullyrðingum Úlfars um, að það hafi verið mistök hjá stefnanda. Starfsmaður varastefndu hafi vanrækt að tilkynna slysið til réttra aðila, en honum hafi staðið það nær en stefnanda, sem lá á sjúkrabörum. Bera varastefndu því sönnunarhalla vegna þessa.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Tímabundið örorkutap í 4 vikur	kr.	79.878
Varanlegt örorkutap eftir það	–	2.170.530
Töpuð lífeyrissjóðsréttindi	–	134.068
Miskabætur	–	200.000
Samtals	kr.	2.584.476

Sýknukrafa aðalstefndu er studd því, að slys stefnanda falli utan gildisviðs 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og 91. gr. sömu laga, enda hafi það ekki

hlotist af notkun kranabifreiðarinnar R-12458 í skilningi 88. gr. umferðarlaga heldur öðrum ástæðum. Þegar óhappið varð, hafi kranabifreiðin ekki verið í notkun sem ökutæki, heldur sem fastskorðuð, óhreyfanleg vinnuvél. Hugtakið „notkun“ í skilningi 1. mgr. 88. gr. afmarkist við þá notkun eina, sem stafi af notkun bifreiðar sem ökutækis, en nái ekki til slyss eða tjóns, sem hljótist af öðru en hreyfingu ökutækisins og akstri eða öðrum þeim áhættuatriðum, er dæmigerð séu fyrir ökutæki sem slíkt. Taki ákvæði 1. mgr. 88. gr. samkvæmt hljóðan sinni eingöngu til „ökutækis“, en ekki vélknúinna vinnuvéla eða annarra tækjavéla, sem við ökutæki eru tengd og gegna hlutverki vinnuvéla. Engu breyti, þótt vinnutæki séu knúin eða fái afl frá aðalvél ökutækis. Kranabifreiðin R-12458 hafi verið kyrrstæð og fastskorðuð með stoðum sem hver önnur óhreyfanleg vinnuvél, þegar óhappið varð. Hinir sérstöku hættueiginleikar kranabifreiðarinnar sem ökutækis hafi ekki valdið slysinu, heldur ófyrirséð jarðvegssig undir stoðfæti bílkransans ásamt stökki stefnanda úr körfunni, þegar kraninn seig á hliðina. Eigendum bifreiða með fasttengdan vinnuvélabúnað eins og krana, gröfur, ámokstursskóflur o. þ. h. sé bent á að kaupa frjálsa ábyrgðartryggingu vegna þessara tækja, og hafi slík trygging lengi staðið til boða hjá váttryggingafélögum. Grundvöllur allra váttrygginga sé, að iðgjöld komi á móti áhættu, en engin iðgjöld fengjust vegna starfsemi kranans, þar sem frjáls ábyrgðartrygging hafi ekki verið keypt vegna hans. Bótakrafan á kranann væri því vægast sagt ósanngjörn gagnvart stefnda, Váttryggingafélagi Íslands.

Varakrafa aðalstefndu sé á því reist, að ef slysið félli undir 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og ökutækjatrýggingu R-12458 hjá félaginu, bæri að lækka skaðabætur í hlutfalli við eigin sök stefnanda á slysinu, sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því, að stökkva að nauðsynjalausu úr körfu kranans á ferð niður, en stökkið hafi valdið því, að stefnandi meiddist, sem ella hefði ekki orðið.

Sýknukrafa Vatnsskarðs hf. er á því reist, að félagið hafi aldrei samið við stefnanda um verk það, er hér um ræðir, vegna umræddrar bifreiðar og beri eigi ábyrgð á bifreiðinni, sem sé skráð eign stefnda Ellerts Alexanderssonar.

Af hálfu stefnda Alexanders Ólafssonar sé til þess vitnað, að hann hafi aðeins verið meðalgöngumaður um að útvega umrætt ökutæki. Þá sé hann hvorki eigandi né ábyrgðaraðili að því. Stefnandi hafi borið verktaka-ábyrgð við starf sitt og þar með ábyrgð á tjóni á starfsmönnum vegna vinnu við umrætt verk. Hafi honum borið að sjá til þess, að starfsmenn við verkið væru slysatryggðir, og hið sama eigi við um hann sjálfan. Hafi hann ekki

gætt þess að slysatryggja sig og sé því að störfum algerlega á eigin áhættu og ábyrgð. Stefnandi hafi verið verkstjóri og stjórnað verkinu á verkstað. Hann hafi borið ábyrgð sem stjórnandi á því, hversu til tókst, og hvorki geti hann sem verktaki né verkstjóri lagt ábyrgð á starfsmenn á vettvangi. Stefnandi hafi sjálfur látið moka snjó af athafnasvæði og sagt fyrir um, hvar bifreið og krana skyldi stillt upp. Hafi hann sjálfur jafnað „plan“ fyrir bifreiðina með jarðýtu. Því sé ljóst, að uppstilling og staðsetning körfubifreiðar hafi að öllu leyti verið háð ákvörðun stefnanda sjálfs. Stefnandi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að stökkva út úr umræddri körfu, en upplýst hafi verið, að karfan var látin síga til jarðar og óhugsandi, að kraninn félli niður á körfuna, svo sem glögglega kemur fram í lýsingu sjónarvotta. Stefnandi hafi með þessu athæfi valdið sjálfum sér óþarfa-hættu. Af hálfu stefnanda sé augljós þversögn í því annars vegar, að jarðvegur hafi gefið sig undan einum stoðfæti, og hins vegar, að kraninn hafi farið úr jafnvægi. Kröfum stefnanda fyrir vinnutekjutap af völdum varanlegrar og tímabundinnar örorku sé algjörlega mótmælt, og sé tekið undir sjónarmið í greinargerð lögmanns aðalstefndu um málsástæður og lagarök, einkum hvað varðar fjárkröfur stefnanda.

Stefnandi kom fyrir dóminn og gaf aðilaskýrslu. Þá var vitnaskýrsla tekin fyrir dómnum af Úlfari Önundarsyni bifreiðaviðgerðarmanni og Jóni Sigurðssyni rafvirkja.

III.

Niðurstaða.

Bifreiðin R-12458 var skráð samkvæmt bifreiðaskráningu með sérbúnaði, þ. e. krana. Krani þessi er knúinn með vökvadælu, sem tengd er aðalvél bifreiðarinnar, og verður hún að vera í gangi, til að krananum verði beitt. Sami maður stjórnar jafnan krana og bifreið.

Vitnið Úlfar Önundarson upplýsti fyrir dómnum, að hann hefði starfað meira og minna með slík tæki í tæp 20 ár og mikið unnið með körfu við línuvinnu. Umrætt sinn hafi bifreiðinni verið komið fyrir á vinnusvæði, sem útbúið hafi verið sérstaklega til að komast að línunni. Hafi styrkleiki stæðisins undir bifreiðinni virst eðlilegur, en jarðvegur á svæðinu sé hraun. Þegar krananum er beitt, séu stoðarmar, um 1,60 metra að lengd, dregnir út frá henni sinn hvorum megin. Stoðörmunum sé síðan þrýst með vökvaafli til jarðar, þannig, að bifreiðin lyftist örlítið upp. Fastur „platti“ sé á þeim enda stoðarmanna, sem nemi við jörð, til að auka viðnám þeirra. Í flestum tilvikum sé platti settur upp á enda stoðarmsins til að auka viðnámsflötinn. Ekki gat vitnið fullyrt, hvort svo hefði verið gert umrætt sinn. Vitnið kvaðst

hafa verið að færa kranann að næsta vír, þegar jarðvegur undir stoðfæti gaf sig og bifreiðin tók að hallast. Hafi hann slakað krananum eins hratt niður og unnt var. Karfan hafi lent á jörðinni og þannig komið í veg fyrir, að bifreiðin ylti alveg, en hún hafi þá verið komin nánast alveg á hliðina. Bifreiðin hafi síðan verið rétt við með krananum.

Bifreiðin R-12458 var hér notuð sem undirstaða undir krana, en auk þess knýr aflvél hennar vökvadælur kranans. Til þess að auka stöðugleika bifreiðarinnar, m. a. vegna fjaðrabúnaðar hennar, er nauðsynlegt að hafa stoðarma þá, sem áður hefur verið lýst, þegar krananum er beitt. Er þeim þrýst niður þannig, að þungi bifreiðarinnar hvílir á þeim að mestu leyti. Ekki er unnt að hreyfa bifreiðina í þeirri stöðu. Eiginþyngd bifreiðarinnar R-12458 er samkvæmt skráningarskírteini 11.500 kg. Óumdeilt er í málinu, að jarðfall varð undir öðrum stoðarmi bifreiðarinnar. Meginorsök þessa verður að teljast hinn mikli þungi bifreiðarinnar, en þungi á krananum var óverulegur umrætt sinn. Við það, að jarðvegurinn brast, valt bifreiðin næstum á hliðina og kraninn með.

Telja verður, að slys það, sem hér um ræðir, verði ekki rakið til notkunar bifreiðarinnar R-12458 í merkingu 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, eins og það hugtak hefur verið mótað í dómaframkvæmd.

Þegar slysið varð, hafði ökumaður bifreiðarinnar komið henni fyrir á afhafnasvæðinu og annast nauðsynlegan undirbúning til að framkvæma það verk, sem stefnandi hafði með höndum. Var staðsetning bifreiðarinnar eingöngu á valdi og ábyrgð ökumanns. Jarðvegur á svæðinu var hraun, og var ökumanni það ljóst. Bar honum því að ganga tryggilega úr skugga um það, að jarðvegur undir stoðarmi þylði hinn mikla þunga bifreiðarinnar og aukaálág það, sem notkun kranans olli. Þessa gætti ökumaður bifreiðarinnar ekki nægilega umrætt sinn. Verður að fallast á með stefnanda, að virða beri honum þetta til gáleysis.

Undir rekstri málsins upplýstist, að varastefndi Vatnsskarð hf. hafði ekki samið við stefnanda um verkið. Þá bar félagið enga ábyrgð á bifreiðinni né ökumanni hennar. Verður krafa á félagið ekki reist á reglum um hús-bóndaábyrgð, og ber að sýkna það.

Af hálfu varastefnda Alexanders Ólafssonar hefur því verið haldið fram, að hann hafi aðeins verið meðalgöngumaður að útvegum bifreiðarinnar fyrir stefnanda. Af hálfu stefnanda hefur ekki verið sýnt fram á, hvert hafi verið efni samnings hans við varastefnda Alexander Ólafsson, eða á annan hátt upplýst um þátt hans í verkinu. Ber að sýkna hann af kröfum stefnanda í málinu.

Skráður eigandi bifreiðarinnar, aðalstefndi í málinu Ellert Kristinn Alex-

andersson ber ábyrgð á tjóni því, sem varð vegna gáleysis ökumanns sbr. 3. mgr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en stefnandi reisir kröfur sínar á þeirri grein laganna svo og sök ökumanns. Þykir því málatilbúnaður hans ekki standa þeirri niðurstöðu í vegi. Þá verður slysið talið hafa orðið í svo nánnum tengslum við afnot af bifreiðinni, að eðlilegt sé að fella tilvikið undir ábyrgðartryggingu hennar skv. 91. gr. umferðarlaga. Samkvæmt því bera aðalstefndu in solidum bótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefnandi stökk úr körfunni, rétt áður en hún skall til jarðar. Upplýsti hann fyrir dómnum, að það hefði hann gert til að draga úr falli. Karfan hefði lent í grjóturð, en hann hins vegar lent í mjúkum jarðvegi, en kastast á grjót og fengið höfuðhögg. Telja verður, að við þessar aðstæður hafi stefnandi best getað metið, hvað honum var fyrir bestu til að koma í veg fyrir líkamstjón. Ber að hafna þeirri málsástæðu, að stefnandi hafi með þessu atferli sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og að stökkið hafi valdið meiðslum stefnanda umfram það, sem verið hefði, ef hann hefði skolið til jarðar í körfunni. Er því ekki fallist á með aðalstefndu, að lækka beri fébætur vegna eigin sakar stefnanda.

Í málinu liggur frammi mat Júlíusar Valssonar læknis. Þar kemur fram, að slysið hafi leitt til 10% varanlegrar örorku auk tímabundinnar örorku. Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og upplýst, að heilsufar sitt sé að mestu óbreytt frá því, sem fram kemur í skýrslu læknisins. Hann sé sífellt með höfuðverk og dofa í enni og þreytist fljótlega í starfi. Af hálfu stefnda hefur örorkumatinu ekki verið mótmælt. Ber að leggja það til grundvallar sönnun um þá læknisfræðilegu örorku, sem slysið olli stefnanda.

Stefnandi reisir fjárkröfu sína á tjónsútreikningi tryggingafræðings. Við þá útreikninga er notuð venjubundin aðferð til að áætla tjón vegna varanlegrar örorku af völdum slyssins og sýnt fram á, hver áætluð tekjuskurðing verði af því.

Það er álit dómsins, að líkur séu á, að skert starfsgeta stefnanda vegna slyssins, sem staðfest er með mati á læknisfræðilegri örorku stefnanda, geti leitt til skertra starfstekna. Einkum þykja, þegar litið er til sömu atriða, líkur á, að tekjuöflunarhæfi stefnanda kunni að skerðast af þessum sökum á síðari hluta starfsævinnar. Af þeim sökum á stefnandi rétt til skaðabóta. Við ákvörðun bótanna verður höfð hliðsjón af örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar um verðmæti tekjutaps á slysdegi miðað við meðaltekjur stefnanda síðustu þrjú ár fyrir slys.

Stefnandi starfaði sem sjálfstæður verktaki. Gögn í málinu styðja ekki þá kröfu, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna tímabundinnar örorku. Ber að hafna þeim kröfuleið.

Stefnandi ber ekki sjáanleg ytri einkenni af völdum slyssins. Þykir rétt, þegar lítið er til hundraðshluta örorku stefnanda, að ákveða honum bætur fyrir miska og fjártjón í einu lagi.

Þegar lítið er til dómsúrlausna, sem sambærilegar má telja máli þessu, þykja bætur fyrir fjártjón stefnanda og miska af völdum slyssins á slysdegi hæfilega ákvarðaðar 1.350.000 kr. Við ákvörðun fjárhæðar skaðabóta hefur verið tekið tillit til skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu. Vaxtakrafa stefnanda er tekin til greina.

Aðalstefndu greiði stefnanda 300.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur af málflutningsþóknun.

Niðurstaða þessi leiðir til þess, að sýkna ber varastefndu af öllum dómkröfum stefnanda. Rétt þykir, að málskostnaður milli þessara aðila falli niður.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ellert Kristinn Alexandersson og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði in solidum stefnanda, Guðmundi Karli Þorleifssyni, 1.350.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Aðalstefndu greiði stefnanda 300.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur á málflutningsþóknun.

Varastefndu, Vatnsskarð hf. og Alexander Ólafsson, eru sýknir af öllum dómkröfum stefnanda. Málskostnaður fellur niður.